

# Frumvarp til laga

## um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (EES-reglur).

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Alþjóðlega viðurkennd læknismeðferð er læknismeðferð sem telst nægilega gagnreynd í ljósi aðstæðna hverju sinni og byggist á læknisfræðilegum rannsóknum, viðurkenndum aðferðum og reynslu.*

##### 2. gr.

Í stað orðanna „sbr. 23. gr.“ í 8. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: sbr. 33. gr. b.

##### 3. gr.

Orðin „sbr. 44. gr.“ í 1. mgr. 23. gr. laganna, sem verður 33. gr. b. *Brýn nauðsyn á læknismeðferð sem ekki er unnt að veita hér á landi, falla brott.*

##### 4. gr.

33. gr. verður 33. gr. a. og á eftir orðunum „hann er staddur“ í 1., 2. og 3. mgr. greinarinnar kemur: tímabundið. Á undan greininni kemur jafnframt millifyrirsögnin **D. Heilbrigðisþjónusta sem veitt er erlendis.**

##### 5. gr.

Við bætist ný grein sem verður 33. gr. c og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Sjúkratryggður velur að sækja þjónustu í öðru EES-ríki.*

Nú velur sjúkratryggður að sækja sér heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki EES-samningsins og endurgreiða þá sjúkratryggingar kostnað af þjónustunni eins og um heilbrigðisþjónustu innan lands væri að ræða enda sé þjónustan samsvarandi þeirri þjónustu sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða hér á landi. Þetta gildir þó ekki um þjónustu við athafnir daglegs lífs, ráðstöfun líffæra og aðgengi að þeim til líffæraflutninga og bólusetningar gegn smitsjúkdómum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að takmarka endurgreiðslu kostnaðar á grundvelli brýnna almannahagsmuna.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er kveðið á um hvaða stofnun fari með hlutverk innlends tengiliðar fyrir heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og í hvaða tilfellum sækja skuli um fyrirfram samþykki fyrir endurgreiðslu vegna heilbrigðisþjónustu skv. 1. mgr. . Miða skal kröfu um fyrirfram samþykki við heilbrigðisþjónustu sem:

a. Krefst sérstakrar skipulagningar til að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu eða til að hafa stjórn á kostnaði og tryggja aukna nýtingu á tækjakosti og mannauði innanlands og:

i. felur í sér innlögn á sjúkrahús í a.m.k. eina nótt eða

ii. krefst notkunar á mjög sérhæfðri og kostnaðarsamri aðstöðu eða búnaði.

b. Meðferð sem hefur í för með sérstaka áhættu fyrir sjúkling eða almenning.

c. Að tilefni sé til að efast um gæði eða öryggi heilbrigðisþjónustunnar.

Í reglugerð skal einnig kveðið á um hvaða viðmiðum skuli fylgja þegar synjað er um fyrirfram samþykki skv. 2. mgr. og skal miðað við að heimilt sé að synja um fyrirfram samþykki ef:

a. Heilbrigðisþjónustuna er hægt að veita hér á landi innan tímamarka sem réttlæta má læknisfræðilega þegar tekið er mið af heilsufarsástandi sjúklings og líklegri framvindu sjúkdóms.

b. Öryggi sjúklings eða almennings er stefnt í hættu með heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan lands.

c. Tilefni sé til að efast um fylgni veitanda heilbrigðisþjónustu við gæða- og öryggiskröfur.

Drög janúar 2015

II. KAFLI

6. gr.

**Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.**

Orðin „hér á landi“ í 2. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2016.

DRÖG